

# HÚSÖNDIN

5.tbl. 1.árg.  
7.mars 2018

Fréttablað Mývatnssveitar, husondin@gmail.com  
Útgefandi og ábyrgðarmaður: Arnþrúður Dagsdóttir

sími:  
8492804



AFMÆLISBÖRN DAGANA  
8.- 14. MARS 2018

*8. mars Halldór Björke Helgason*

*11.mars Arnheiður Rán Almarsdóttir, Ragnar Davíð Baldvinsson*

*12.mars Ellert Bjarki Gunnarsson, Gunnar Þór Brynjarsson,  
Ingimar Atli Knútsson*



## OPIÐ SKRIFSTOFURÝMI TIL LEIGU

Sveitarstjórn hefur samþykkt að leigja út gamla leikskólahúsnaðið  
í opnu rými að Hlíðavegi 6 sem skrifstofuaðstöðu.

Aðstaðan verður tekin í gagnið í maí.

Áhugasamir aðilar þurfa að senda tölvupóst á  
thorsteinn@skutustadahreppur.is

í seinasta lagi 20. mars n.k.

Skútustadahreppur



# Gerum okkur mat úr jarðhitnum

Hugmyndasamkeppni  
um matvælafram-  
leiðslu með jarðhita  
á Norðausturlandi

1. VERÐLAUN 2. VERÐLAUN  
2.000.000 KR. 500.000 KR.

Nánari upplýsingar á:  
[eimur.is](http://eimur.is)



Eimur, í samstarfi við Íslensk verðbréf, Matarauður Íslands og Nýsköpunarmiðstöð Íslands, kallar eftir hugmyndum sem stuðla að sjálfbærri nýtingu auðlinda á Norðurlandi eystra. Hugmyndir mega vera á hvaða stigi sem er og fela í sér allt frá framleiðslu á hráefnum til fullunninnar matvöru.

- Skilafrestur til **15. maí**
- Þátttaka öllum opin
- Ekki nauðsynlegt að skila inn nákvæmum teikningum
- Sérstök áhersla á sjálfbærni og samvinnu ólíkra aðila

[www.eimur.is](http://www.eimur.is)



# DALAKOFINN

## - Kótelettukvöld -

Miðvikudaginn 28. mars kl. 20 verður kótelettukvöld í Dalakofanum á Laugum. Kóteletturnar eru sérvaldar og þykkar að hætti Kótelettufélags Íslands. Meðlæti er brúnaðar kartöflur, heimagert rauðkál, grænar baunir og sulta. Í eftirrött verður ís og kokteilávestir.

Verð er 5.000 kr. á mann og síðasti skráningardagur er sunnudaginn 25. mars. Hægt er að skrá sig í síma 464-3344 eða á netfangið [dalakofinn@dalakofinn.is](mailto:dalakofinn@dalakofinn.is)

## Mánaðartilboð mars

**Kúrekapizza:** Pepperoni, ananas, sólburrkaðir tómatar, mexico-ostur.  
9" 1.500 kr. 12" 2.300 kr. 16" 3.000 kr.

**Kjúklingaborgari:** Kornflexhjúpaður kjúklingaborgari með káli, gúrku og hamborgarasósu, franskar kartöflur fylgja með eða salat. 1500 kr.

Á heimasíðu Dalakofans [dalakofinn.is](http://dalakofinn.is) eru upplýsingar um opnunartíma, matseðil veitingarstaðarins og margt fleira.

Verið ávallt velkomin

Dalakofinn Laugum. [dalakofinn.is](http://dalakofinn.is)

s. 464-3344

## NÁMSKEIÐ

fyrir starfsfólk kirkna og sóknarnefnda,  
meðhjálpára, kirkjuverði, kóra, organista, presta og djákna  
verður haldið í Framhaldsskólanum á Laugum 6.-7. apríl 2018.

Umsjón hefur sr. Kristján Valur Ingólfsson.

Aðgangur ókeypis.

Þátttaka tilkynnist í síma 8953328

Þóra Fríður veitir nánari upplýsingar.



theater  
mogul

kynnir



„Salurinn  
EMJAFI úr  
hlátri“

-Fjarðarpósturinn

„Mér er illt í  
maganum eftir  
allan þennan

hlátur“

-Facebook

„Hef ekki  
hlegið svona  
mikið í  
langan tíma“

-Facebook

# HALLISBÚINN

Leikari: Jól Sæmundsson

Leikstjóri: Emma Peirson

Skjólbrekk, Mývatnssveit

10. Mars kl. 20

Miðasala hafin á Miði.is



## Hreppsskrifstofa lokuð á fimmtudaginn

Skrifstofa Skútustaðahrepps verður lokuð fimmtudaginn 8. mars vegna námskeiða starfsfólks.

Beðist er velvirðingar á þeim óþægindum sem þetta kann að valda.

Allar tilkynningar og nánari upplýsingar um starfsemi sveitarfélagsins er að finna á heimasíðunni okkar: [www.skutustadahreppur.is](http://www.skutustadahreppur.is)

Skútustaðahreppur



## ÞRIGGJA RÉTTA “LEIKHÚSSEÐILL”

Vegna sýningar í Skjólbrekku um helgina mun Eldey veitingastaður vera með 3 rétta leikhússeðil á 4.900,-kr föstudaginn 9.mars og laugardaginn 10.mars.

Hlökkum til að sjá ykkur.  
Borðapantanir í síma 464 1900.



*Leiksýningartilboð vegna sýningar  
Hellisbúans í Skjólbrekku 10. mars*

**Forréttur**

*Val á milli tveggja rétta*

*Djúpsteiktur camembert borinn fram með salati,  
grilluðu brauði og rifsberjahlaupi*

*eða*

*Reykstur silungur að Mývetnskum hætti með hrærðu eggi  
borið fram á platta með salati ásamt hverabökðu rúbrauði*

**Aðalréttur**

*Val á milli tveggja rétta*

*Fish n' Chips*

*Fiskur og franskur borið fram með sósu og salati*

*eða*

*Kókos kjúklingur borinn fram með salati,  
frönskum kartöflum og sætri chilli sósu*

**Eftirréttur**

*Val á milli tveggja rétta*

*Crème Brulée*

*eða*

*Blaut súkkulaðikaka (gluten free)  
borin fram með þeyttum rjóma og berjum*

**4.900,-**

*Pantanir í síma 464-4164 eða [myvatn@myvatn.is](mailto:myvatn@myvatn.is)*

*Verið velkomin í Selúð*

# HÁSKÓLANEMAR Í SUMARVERKEFNI 2018

Þekkingarnet Þingeyinga stendur ár hvert fyrir rannsóknaverkefnum sem unnin eru á sumrin í samstarfi við háskólanema. Verkefnin hafa notið styrkja úr verkefnasjóði Þekkingarnets Þingeyinga.

Við hvetjum áhugasama til að hafa samband fyrir 15. mars, bæði háskólanema í atvinnuleit og fyrirtæki/stofnanir með verkefnahugmyndir.

Þekkingarnetið leggur sérstaka áherslu á að tengjast háskólanemum sem vilja vinna verkefni sem tengjast Þingeyjarsýslum og að verkefnin séu unnin í Þingeyjarsýslum. Stofnunin hefur vinnuástöðu í öllum byggðakjörnum svæðisins.



*Á heimasíðunni [hac.is/rannsóknir](http://hac.is/rannsóknir) má finna fjölmörg verkefni sem sumarnemar hafa unnið að í samstarfi við Þekkingarnetið.*

Áhugasamir eru beðnir um að hafa samband við Grétu á [greta@hac.is](mailto:greta@hac.is) eða Helenu á [helena@hac.is](mailto:helena@hac.is) eða í síma 464-5100.



Þekkingarnet  
Þingeyinga

## AÐALFUNDUR AKSTURSÍPRÓTTAFÉLAGS MÝVATNSSVEITAR

Aðalfundur Akstursípróttafélags Mývatnssveitar verður haldinn 14.mars klukkan 20:00 í björgunarsveitarhúsinu á annarri hæð.

Venjuleg fundastörf og umræður verða á dagskrá fundarins. Anton Freyr ætlar að skella á sig svuntunni og baka fyrir fundinn.

Með vonum um að sjá sem flesta.  
Kv. Stjórn AMS.







## SKÚTUSTAÐAHREPPUR

Auglýsing um deiliskipulag og breytingu á aðalskipulagi

Sveitarstjórn Skútustaðahrepps samþykkti þann 10. janúar 2018 að auglýsa tillögu að deiliskipulagi Jarðbaðanna í Jarðbaðshólum í Mývatnssveit og samhliða breytingu á Aðalskipulagi Skútustaðahrepps 2011-2023, skv. 1. mgr. 31. gr. og 1. mgr. 41 gr. skipulagslaga nr. 123/2010.

Markmið með gerð nýs deiliskipulags er m.a. að styrkja ferðaþjónustu á svæðinu, bregðast við aðstöðuleysi, bæta möguleika til baða í jarðgufu og jarðhitavatni og tryggja gæði uppbyggingar með því að beina uppbyggingu á ákveðin svæði, leggja göngustíga o.s.frv.

Deiliskipulagið er byggt á núgildandi deiliskipulagi, en uppfært í takt við ný lög og reglugerðir sem og þróun þjónustunnar á svæðinu. Gildandi deiliskipulag verður fellt úr gildi með samþykkt og gildistöku nýs deiliskipulags. Tillögunni fylgir umhverfisskýrsla sem er unnin skv. lögum um umhverfismat áætlaða nr. 105/2006.

Samhliða er lögð fram breyting á aðalskipulagi sveitarfélagsins þar sem leiðrétt er uppgefið flatarmál svæðisins en einnig er gerð breyting á landnotkun. Í gildandi aðalskipulagi er landnotkun á svæðinu samfélagsþjónusta en gerð er tillaga um að breytt landnotkun verði verslun og þjónusta.

Tillöguuppdrættir ásamt greinargerðum munu liggja frammi á skrifstofu Skútustaðahrepps, Hlíðavegi 6, 660 Mývatni frá og með föstudeginum 2. mars til og með föstudeginum 13. apríl 2018. Þá eru tillögurnar einnig aðgengilegar á heimasíðu Skútustaðahrepps: <http://www.skutustadahreppur.is> undir Skipulagsauglýsingar (efst á forsíðu).

Frestur til að skila inn athugasemdum rennur út föstudaginn 13. apríl 2018.

Þeim sem telja sig eiga hagsmuna að gæta er gefinn kostur á að gera athugasemdir við tillögurnar innan tilskilins frests. Skila skal athugasemdum skriflega til skrifstofu Skútustaðahrepps, Hlíðavegi 6, 660 Mývatni og/eða í tölvupósti á netfangið: [bjarni@thingeyjarsveit.is](mailto:bjarni@thingeyjarsveit.is). Þeir sem ekki gera athugasemdir við tillögurnar teljast þeim samþykkir.

Bjarni Reykjalín,  
skipulags- og byggingarfulltrúi Skútustaðahrepps.





## NÝ LÖGREGLUSAMÞYKKT FYRIR SKÚTUSTAÐAHREPP


Dómsmálaráðherra hefur samþykkt nýja lögreglusamþykkt fyrir Skútustaðahrepp. Sveitarstjórn Skútustaðahrepps hafði staðfest lögreglusamþykktina fyrir sitt leyti síðast liðinn vetur eftir að hún hafði verið til vinnslu og í opnu umsagnarferli. Hin nýja lögreglusamþykkt Skútustaðahrepps kemur í stað almennrar lögreglusamþykktar.

Lögreglusamþykktin er sett samkvæmt heimild í 2. gr. laga nr. 36/1988, um lögreglusamþykktir, og öðlast þegar gildi.

Íbúar Skútustaðahrepps eru hvattir til að kynna sér ákvæði samþykktarinnar, en hana má finna undir Reglugerðir/samþykktir/stefnur á heimasíðu sveitarfélagsins.

Skútustaðahreppur

SVO LENGI LÆRIR SEM LIFIR.



# STÖNGIN INN! Á BREIÐUMÝRI

Gamansöngleikurinn með ABBA-lögunum

Það er rífandi stemming á Breiðumýri þessa dagana þar sem Leikdeild Umf. Eflingar sýnir gamansöngleikinn Stöngin inn, eftir Guðmund Ólafsson í leikstjórn Völu Fannell og tónlistarstjórn Jaan Alavere.

Aðeins verða nokkrar sýningar fyrir páska og eru sem hér segir:

5. sýning - föstudagur 9. mars kl. 20:30 Nokkur sæti laus
6. sýning – laugardagur 10. mars kl. 18:00 Örfá sæti laus
7. sýning – sunnudagur 11. mars kl. 16:00 Uppselt
8. sýning - miðvikudagur 14. mars kl. 20:30
9. sýning – sunnudagur 18. mars kl. 20:30 Örfá sæti laus
10. sýning – fimmtudagur 22. mars kl. 20:30 Uppselt

## **Miðaverð:**

**Fullorðnir kr. 3000.-**

**Börn 16 ára og yngri kr. 2200.-**

**Eldri borgarar og öryrkjar kr. 2700,-**

Félögum í Framsýn, Þingiðn og Starfsmannafélagi Húsavíkur gefst kostur á að fá afsláttarmiða hjá sínum félögum áður en þeir fara á leiksýningu og fá þannig 1000 kr. afslátt.

Dalakofinn verður með leikhúsmatseðil fyrir hópa (lágmark 6 manns) lambasteik og meðlæti, og kaffi og köku í eftirrætt á kr. 3900.-  
Einnig býður Dalakofinn 15% afslátt af matseðli fyrir leikhúsgesti.

Að venju verður Kvenfélag Reykdæla með kaffi- og vöfflusölu á sýningum.

Miðapantanir eru í síma 618-3945 eða á [leikdeild@leikdeild.is](mailto:leikdeild@leikdeild.is)

## FJÁRRÆKTARFUNDUR

Sameiginlegur fundur Fjárræktarfélaganna Austra og Mývetninga verður haldinn í Sel-Hótel Mývatn fimmtudaginn 8. mars kl 20:00.

María Svanþrúður starfsmaður RML verður gestur fundarins.

Nefndin

Leikfélag Húsavíkur kynnir

Frumskýning 3. mars

# SJÓRÆNINGJA PRINSESSAN

eftir Ármann Guðmundsson í leikstjórn Maríu Sigurðardóttur

Næstu sýningar:

- × laugardaginn 3. mars kl.16:00
- × sunnudaginn 4. mars kl.16:00 **2 FYRIR !**
- × fimmtudaginn 8. mars kl.20:00
- × laugardaginn 10. mars kl.20:00
- × sunnudaginn 11. mars kl.16:00

fullt verð: 3000 - börn/afsl: 2000



Félagsmenn Framsýnar, Þingidnar og Starfsmannafélags Húsavíkur geta keypt afsláttarmiða hjá sínum félögum áður en þeir fara á leiksýningu.

Miðapantanir: [www.leikfelagid.is](http://www.leikfelagid.is) • 464 1129 • [midi@leikfelagid.is](mailto:midi@leikfelagid.is)



## AUGLÝSING UM FYRIRHUGAÐA BREYTINGU Á AÐALSKIPULAGI

Sveitarstjórn Skútustaðahrepps kynnir hér með eftirfarandi skipulags- og matslýsingu vegna fyrirhugaðrar breytingar á Aðalskipulagi Skútustaðahrepps 2011-2023 skv. 30. gr. skipulagslaga nr. 123/2010:

### **Nýtt seyrulosunarsvæði á Hólasandi:**

Sveitarstjórn Skútustaðahrepps áformar breytingu á Aðalskipulagi Skútustaðahrepps 2011-2023 þar sem gert verði ráð fyrir aðstöðu fyrir söfnun salernisskólps í lokaðan geymslutank á Hólasandi og nýtingu þess til uppgræðslu á sandinum. Fyrirhuguð aðalskipulagsbreyting nær til aðstöðu fyrir söfnunar- og geymslutank með tilheyrandi búnaði á Hólasandi. Svæðið, þar sem gert er ráð fyrir söfnunar- og geymslutanki og uppgræðslu, er örfoka sandauðn, að hluta uppgrædd með lúpínu. Aðstöðusvæði fyrir söfnunartank verður við efnisnámu sem skilgreind er í aðalskipulagi. Aðkomuvegur liggur frá Kísilvegi (87) um svæðið og áfram til austurs í Gæsadal.

Þegar vinna við gerð deiliskipulagstillögu hefst, skal sveitarstjórn taka saman lýsingu á skipulagsverkefninu. Í skipulagslýsingu koma fram áherslur sveitarstjórnar við skipulagsgerðina og upplýsingar um forsendur og fyrirliggjandi stefnu og fyrirhugað skipulagsferli, svo sem um kynningu og samráð við skipulagsgerðina gagnvart íbúum sveitarfélagsins og öðrum hagsmunaaðilum.

Skipulagslýsing skv.1. mgr. 30. gr. skipulagslaga nr. 123/2010 og matslýsing skv. lögum um umhverfismat áætlanu nr. 105/2006 munu liggja frammi á skrifstofu Skútustaðahrepps frá og með miðvikudeginum 7. mars til og með miðvikudeginum 28.mars 2018. Lýsingarnar verða einnig aðgengilegar á sama tíma á heimasíðu Skútustaðahrepps: [http://www //myv.is](http://www//myv.is) undir: Skipulagsauglýsingar (efst á forsíðu). Þeim sem vilja gera athugasemdir við lýsingarnar eða koma með ábendingar er gefinn frestur til og með 28. mars 2018 til að koma þeim skriflega á framfæri til skrifstofu Skútustaðahrepps, Hlíðavegi 6, 660 Mývatn og/eða í tölvupósti á netfangið: [bjarni@thingeyjarsveit.is](mailto:bjarni@thingeyjarsveit.is).  
Allar nánari upplýsingar veitir undirritaður.

Bjarni Reykjalín,  
skipulags- og byggingarfulltrúi Skútustaðahrepps.